



# Náttúruskoðun á landi

Sértæk gæðaviðmið nr. 208

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

208-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
208-1.1	Fyrir hverja ferð er til ferðaáætlun (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
208-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað. c. Leiðsögutæki. d. Auka fatnaður. e. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.			
208-1.3	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun búnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda).			
208-1.4	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar reglur um fjölda viðskiptavina á leiðsögumann í hverri ferð, eftir tegund ferðar og hugsanlegri áhættu.			
208-1.5	Í undirbúningi fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.: a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá.			

	<ul style="list-style-type: none"> <li>c. Búnað.</li> <li>d. Upplýsingar um viðskiptavinum.</li> <li>e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum.</li> </ul>			
208-1.6	<p>Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Staðhætti og veðurskilyrði.</li> <li>b. Tímaáætlun.</li> <li>c. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna.</li> <li>d. Viðeigandi skjólfatnað og búnað.</li> <li>e. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í ferð.</li> <li>f. 112 neyðarnúmer á Íslandi.</li> </ul>			
208-1.7	<p>Fyrirtækið tryggir að í ferðum með farartækjum (bílum, hjólum, snjósleðum o.fl.) sé farið eftir tilskyldum reglum og fyllsta öryggis ætíð gætt t.d. varðandi notkun öryggisbelta, hjálma og annars hlífðar- og öryggisbúnaðar.</p>			
208-1.8	<p>Fyrirtækið upplýsir starfsfólk og viðskiptavinum um nauðsyn þess að vera í góðu líkamlegu ástandi og að neysla áfengis eða vímuefna geti komið í veg fyrir þátttöku í ferð.</p>			
208-1.9	<p>Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.</p>			

208-2	Umhverfi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
208-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
208-2.2	Aðeins er ekið yfir vatnsföll á stöðum sem til þess eru ætlaðir. Farið er út í og upp úr þeim þannig að komið sé í veg fyrir skemmdir á bökkum.			
208-2.3	Fyrirtækið fer að lögum og reglum um náttúruvernd.			
208-2.4	Fyrirtækið fer að lögum um verndun dýra, s.s. sérstökum lögum um verndun einstakra tegunda á varp- eða burðartíma.			
208-2.5	Fyrirtækið hefur sett sér og birt siðareglur (Codes of Conduct) um skoðun á villtum dýrum í þeim tilgangi að lágmarka truflun á lífríki svo sem nálægð við fugla á varptíma, hreindýr á burðartíma, refi á grenjatíma og seli í láttrum.			
208-2.6	Fyrirtækið leitast við að markaðssetja þjónustu sína þannig að lögð sé áhersla á vistvæna ferðamennsku og sjálfbærni.			
208-2.7	Leiðsögumenn fræða viðskiptavinum um menningu, náttúru og sögu þess svæðis sem ferðast er um.			
208-2.8	Notað er leiðbeinandi efni sem tryggir að kynning og fræðsla til nýrra starfsmanna taki mið af sjálfbærri ferðamennsku.			
208-2.9	Fyrirtækið leitast við að nota byggingar, búnað og aðstöðu sem fellur vel að staðsetningu og náttúrulegum aðstæðum.			
208-2.10	Á svæðum þar sem ekki er næg náttúruleg birta er einungis notuð lýsing til að merkingar sjáist vel og til að tryggja öryggi fólks.			
208-2.11	Fyrirtækið gætir þess að sjáanlegum ummerkjum í náttúrunni, vegna starfsemi þess, sé haldið í lágmarki.			

208-2.12	Allur úrgangur sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
208-2.13	Fyrirtækið sér til þess að fóðrun villtra dýra sé ekki hluti daglegrar starfsemi.			
208-2.14	Fyrirtækið hefur samráð um starfsemi sína, a.m.k. árlega, við hlutaðeigandi aðila er annast verndun þeirra svæða sem fyrirtækið starfar á.			
208-2.15	Fyrirtækið hefur samráð við landeiganda þegar starfsemi þess fer fram á landi hans, t.d. hvar, hvenær og hversu oft.			
208-2.16	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
208-2.17	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
<b>208-3</b>	<b>Menntun og þjálfun</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
208-3.1	Leiðsögumenn hafa sérhæfða menntun, t.d. viðurkennt leiðsögunám og/eða reynslu á því sviði náttúruskoðunar sem viðkomandi ferð snýst um.			
208-3.2	Leiðsögumenn <b>fá þjálfun</b> í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Notkun áttavita og korts.</li> <li>b. Notkun GPS staðsetningartækis.</li> <li>c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra.</li> </ul>			
208-3.3	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			

208-3.4	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir**hefur lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR)</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila.			
208-3.5	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðunum <i>Ferðamennska</i> og <i>Rötun</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegum námskeiðum* hjá öðrum aðila.			

*\*Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaraðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaraðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*

*\*\*Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir. Ath. Að sumri á viðmið 208-3.5 ekki við um F-vegi*